

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggitla vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

ø 20—32 mm	kr. 3 000.00
ø 40 mm	— 4 000.00
ø 50 mm	— 10 000.00
ø 80 mm	— 20 000.00
ø 100 mm	— 25 000.00

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við fasteignamat það er tók gildi 31. des. 1976, og skulu breytast í samræmi við það.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1979:

Kjósarsýsla:

Leirur á smábýli í landi Fitjakots, Kjalarneshreppi.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Ásbrún í stað nafnsins Brúarhraun II á nýbýli í Kolbeinsstaðahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Borgarhóll á nýbýli í landi Miklabæjar, Akrahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Gata á smábýli í landi Syðri-Haga, Árskógshreppi.

Suður-Pingeyjarsýsla:

Lerkihlíð á smábýli (þjónustubýli) í landi Vagla, Hálshreppi.
Hraungerði á smábýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.

Norður-Pingeyjarsýsla:

Vestaráland IV á iðnaðarbýli í landi Vestarálands I, Axarfjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Kápugil á þjónustubýli í landi Teigarhorns, Búlandshreppi.

Rangárvallasýsla:

Öldugarður á þjónustubýli í landi Stórólshvols, Hvolhreppi.

Árnessýsla:

Moldaflöt á garðyrkjubýli í landi Högnastaða, Hrunamannahreppi.

Dalbrún á garðyrkjubýli í landi Norðurbrúnar, Biskupstungnahreppi.

Seylar á þjónustubýli í landi Árbæjar III, Ölfushreppi.

Reykjakot á garðyrkjubýli í landi eyðijarðarinnar Reykjakots, Ölfushreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1979.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

**um endurnýjun leyfa, skv. 26. gr. laga nr. 46 frá 13. maí 1977
um skotvopn, sprengiefni og skotelda.**

Samkvæmt heimild í 5. tölulið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 46 frá 13. maí 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, er frestur til endurnýjunar leyfa skv. 26 gr. til manna að mega annast sprengingar, framlengdur til 31. desember 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1979.

F. h. r.

Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.